



Reykjavík, 21.09.2018

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands
B.t. Páls Gíslasonar, formanns VFÍ
Engjateigi 9
105 Reykjavík

Efni: Varðar: Auglýsingu um lausar stöður forstöðumanna hjá Veitum.

Í ljósi þess að starfsmannamál eru á hendri framkvæmdastjóra hefur stjórnarformaður falið undirritaðri að svara bréfi Verkfræðingafélags Íslands, dags. 20.09.2018.

Veitur eru stór vinnustaður og þar vinnur m.a. mikill fjöldi verk- og tæknifræðinga að fjölbreyttum verkefnum.

Við leitum nú að stjórnendum til að leiða teymi sérfræðinga sem eru með mikla reynslu og djúpa þekkingu á sínu sviði. Verk- og tæknifræðimenntun er góður grunnur fyrir stjórnun í tækniumhverfi en fyrirfram viljum við ekki útiloka að önnur menntun komi þar líka til greina.

Við vonumst til að fá umsóknir frá fjölbreyttum hópi verkfræðinga, tæknifræðinga og öðrum sem hafa brennandi áhuga á viðfangsefnum Veitna og vilja móta með okkur snjalla framtíð.

Virðingarfyllst,

Inga Dóra Hrólfssdóttir
Framkvæmdastjóri Veitna